



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

Reykjavík, 20. janúar 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um hálandisþjóðgarð, 317/2019.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um málið.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að allt miðhálandi Íslands verði þjóðgarður og að miðað verði við þjóðlendumörk auk þeirra svæða þar utan við sem þegar hafa verið friðlýst. Ráðherra ákveður mörk þjóðgarðsins með reglugerð. Engar framkvæmdir verða leyfðar innan þjóðgarðsmarka nema þær sem tengjast rekstri þjóðgarðsins auk takmarkaðra undanþága í 10. og 11. gr. frumvarpsdraganna. Heimila má nýjar virkjanir sem hafa verið skilgreindar í orkunýtingarflokki í 3. áfanga s.k. rammaáætlunar um verndar- og orkunýtingaráætlun. Heimilt er að reka áfram virkjanir og raflínur sem til staðar eru en ekki er minnst á háspennulínur sem leiða kunna af nýjum virkjunum.

Af þessu tilefni vilja samtökin koma á framfæri nokkrum athugasemdum um málið og efni sem því tengist.

Samtökin telja nauðsynlegt að endanleg útfærsla og frumvarpsgerð verði látin bíða niðurstöðu starfshóps sem hefur það hlutverk að vinna langtíma orkustefnu fyrir Ísland. Það er ótímabært að friða margar af helstu orkulindum landsins þegar ekki liggur fyrir hver orkuþörf landsmanna, bæði einstaklinga og atvinnulífs, verður til langs tíma og hvernig henni verði best mætt. Samtökin telja einnig að tæknileg þróun geti breytt virkjanakostum og séð til þess að umhverfisáhrif þeirra verði minni en nú má sjá fyrir. Horfa verður til langrar framtíðar í þessum efnum. Augljóst er að nýjum virkjunum fylgir einnig nauðsynlegur orkuflutningur.

Samtökin benda á að losun gróðurhúsalofttegunda er talin mesta umhverfisógn mannkyns og að alþjóðasamfélagið hefur samþykkt að ríki heims grípi til víðtækra aðgerða til að draga úr losun. Ísland hefur gert samninga um að losun gróðurhúsalofttegunda frá tilteknum iðnaði er talin fram gagnvart alþjóðasamningum um loftslagsmál með Noregi og ESB – ríkjunum. Það þýðir að losun þessara fyrirtækja er samevrópsk og tilheyrir öllum ríkjunum sameiginlega en ekki Íslandi sérstaklega. Fyrirtæki sem starfa hér á landi og nýta endurnýjanlega orku draga því úr notkun kola, olíu og jarðgass sem knýja myndi þessa starfsemi annars staðar í Evrópu. Þetta hlýtur að verða lykilþáttur við mótun orku- og friðlýsingarstefnu.

Lengst af hafa áætlanir um friðlýsingar verið lagðar fyrir Alþingi til umfjöllunar og staðfestingar og hafa þannig hlotið pólitískan og samfélagslegan stuðning. Nú bregður svo við að ráðherra er ætlað að ákveða friðlýsingar með reglugerð. Þannig verður unnt að stækka og minnka hin friðlýstu svæði (þjóðgarða) án aðkomu þingisins. Samtökin telja hina fyrri aðferð betri og að hún tryggi betur að um nýtingu og friðlýsingu svæði ríki sem víðtækust sátt.



Samtökin telja að undir í málinu séu viðtækir hagsmunir Íslendinga til langrar framtíðar og að ekki sé unnt að styðja samþykkt frumvarpsins nema til komi miklu nánari greining á þessum hagsmunum bæði umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum. Enga tilraun til þeirrar greiningar er að finna í frumvarpsdrögum eða greinargerð sem þeim fylgja.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri